

Fundur Atvinnumálanefndar með fulltrúum Eflingar Stykkishólms 20.04.2011 kl. 17:00.

Mættir eru fyrir hönd atvinnumálanefndar: Egill Egilsson, Þorsteinn Sigurðsson, Heiðrún Höskuldsdóttir, og Sigríður Elísdóttir.

Einnig Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri.

Fyrir hönd Eflingar: Svanborg Siggeirsdóttir, Sesselja Pálsdóttir, Gréta Sigurðardóttir, María Ólafsdóttir og Svava Gísladóttir.

Mál á dagskrá:

Erindi Eflingar vegna ráðningar starfsmanns og aðkoma Stykkishólmsbæjar.

Svanborg sagði frá þeim verkefnum sem starfsmaður Eflingar myndi hafa á sinni hendi. Farið var yfir ýmis mál sem verið hafa annarsvegar á hendi starfsmanna Stykkishólmsbæjar og hinsvegar hjá Eflingu. Fundurinn sammála um að verkefnið þurfi að vera skýrt afmörkuð. Ýmis erindi rata eðlilega inn á borð starfsmanna Stykkishólmsbæjar þegar enginn starfsmaður er hjá Eflingu.

Auglýsingamál og heimasíðumál rædd, Efling ekki með virka heimasíðu.

Stykkishólmsbær getur lagt til aðstöðu fyrir starfsmann Eflingar í Egilshúsi.

Efling telur sig geta ráðið starfsmann í 20% stöðu, en fer fram á að hlutfallið verði helst 100 %, og til komi þá að 80% yrðu fyrirfram ákveðin afmörkuð verkefni. Næg verkefni séu til staðar.

Stjórnarmenn Eflingar svöruðu fyrirspurnum um ýmislegt er varðaði starfsemi Eflingar. Fulltrúar Atvinnumálanefndar ákváðu að funda fljótlega um málið og senda ályktun í kjölfarið til bæjarráðs.

Fundi slitið kl 19:30